

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Arna Ýr Sævarsdóttir, skrifstofustjóri þjónustu- og umbreytinga

Efni: Heimild til að hefja verkefni um samræmda nemendaskráningu.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið óskar eftir heimild til að hefja verkefnið samræmd nemendaskráning, verkefnið er sjálfstætt framhald umbreytingaverkefnisins innritun í grunnskóla. Í dag eru nokkur kerfi í notkun fyrir grunnskóla, leikskóla og frístund. Börn hafa verið innrituð beint inn í námsumsjónarkerfi skólanna s.s. Mentor og engin samræmd nemendaskrá til. Í kjölfar stafræns umbreytingarverkefnisins innritun í grunnskóla varð til vísir að gagnagrunni með grunngögnum um börn og samræmda nemendaskráningu í Reykjavík. Þörf er á að útvíkka grunnin og láta hann taka til allra árganga með notendasjónarmið, persónuvernd og upplýsingaöryggi að leiðarljósi. Verkefnið er fjármagnað af kostnaðarstað 2102 Stafræn umbreyting og tilheyrir verkefnaklasanum hugbúnaður og ný upplýsingakerfi 80001. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá desember 2022 til ársloka 2023 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 200 m.kr., þar af tilheyrir 200 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum.

Forsaga:

Haustið 2021 var farið af stað með verkefni á endurhönnun á ferli við innritun barna í grunnskóla og var nýtt ferli og kerfi tekið í notkun vorið 2022. Samhliða því að þróa nýtt umsóknarferli fyrir foreldra og forráðamenn og umsýslukerfi fyrir skólastjórnendur var tekið á grunngagnavanda sem hefur fylgt nemendaskrá borgarinnar hingað til. Ekkert eitt kerfi er til sem heldur utan um grunngögn nemanda hjá Reykjavíkurborg.

Greinargerð:

Verkefnið snýr að því að þróa áfram samræmdan nemendagrunn sem byggir á afurð sem kom út úr umbreytingarverkefninu *innritun í grunnskóla*, sem í dag inniheldur gögn um öll börn í fyrsta bekk í borginni. Markmiðið er að þróa grunninn áfram þannig að hann nái yfir gögn barna út alla grunnskólagöngu þeirra. Grunnurinn á að geta tekið við upplýsingum sem þurfa að flæða á milli skólastiga á milli leik- og grunnskóla, sem og aðrar nauðsynlegar upplýsingar fyrir skólastjórnendur og aðra sérfræðinga á borð við samþykki og heimildir, tungumál og tengiliðaupplýsingar. Grunnurinn gengur undir nafninu *Bjargey* eða *borgarnemendaskrá*. Bjargey grunnurinn er hugsaður sem upprunastaður gagna og grunnupplýsinga um börn í skóla í Reykjavík. Með því verður t.d. hægt að tryggja eftirfylgni með flutningi barna milli skólastiga, skóla og skólahverfa.



Hafið er samtal við Mennta- og menningarmálaráðuneytið sem og Samband íslenskra sveitafélaga um sameiginlega vegferð í þessum málaflokki sem myndi þá byggja á þeirri vinnu sem unnin hefur verið nú þegar hjá Reykjavíkurborg. Markmiðið með því samstarfi er að ná fram samlegðaráhrifum allra opinberra aðila og rekjanleika gagna sem eiga uppruna sinn í tengslum við foreldraumsýslu og skólastarf í landinu.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið samkvæmt frumkostnaðaráætlun er 200 m.kr.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102 Stafræn umbreyting og tilheyrir verkefnaklasanum hugbúnaður og ný upplýsingakerfi 80001.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,

Arna Ýr Sævarsdóttir,
skrifstofustjóri þjónustu og umbreytinga